

**Nd.**

**433. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30. 22. okt. 1912.

Frá nefndinni.

Háttvirt efri deild hefir gert ýmsar breytingar á frumvarpi þessu, þar á meðal sett undir 25 aura flokk úr 1 kr. flokki vörur, sem alls eigi eru sjerstaklega nefndar í á farmskrá með þeim nöfnum, sem þær eru nefndar í frumvarpi þessu.

Og þar sem lögreglustjórum er ætlað samkvæmt vörutollslögunum, að innheimta tollinn eftir þunga og eftir því, sem varan er nefnd á farmskrá, og alls eigi ætlað að þurfa að gíska á undir hvern flokk varan á að heyra, sem leitt gæti og til misbrúkunar, þá getur alls eigi staðist, að flokka vöruna þannig, að nöfn vara sjú sett í vörutollslögin, sem alls eigi finast nokkurn tíma á farmskrá.

Auk þess hefir háttv. efri deild felld nokkrar vörugreinir úr 1. gr. frumvarpsins og gert á því aðrar smábreytingar, og viljum vjer eigi ráða hinni háttv. deild til að etja kapp við háttv. efri deild um þær.

En vjer hljótum að ráða til þess að gera eftirfylgjandi breytingar á frumvarpinu:

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

Orðin: „steðjar“, „sleggjur“, „járnkarlar“, „ljáblöð“, „strigi“, „mottur“, „fiskinet“, „segldúkar“, „fastur vjelaáburður“, „spengur“, „rær og gaddar til járnbrautargerðar“, falli burt.

Alþingi 8 ágúst 1914.

Matth. Ólafsson,  
formaður.

Björn Kristjánsson,  
skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Benediktsson.

Benedikt Sveinsson.

M. J. Kristjánsson,  
með fyrirvara.